

Fundargerð

141. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í ráðhúsinu á Höfn og á fjarfundi, föstudaginn 4. apríl kl. 10:00-12:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrússon, formaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Eyrún Fríða Árnadóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka
Fulltrúar útivistarsamtaka boðuðu forföll.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Höfn
Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Skaftafelli
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði, Skaftafelli
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði.

Formaður bar upp tillögu að breyttri fundardagskrá, þess efnis að kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum í landi Skaftafells 3 og 4 yrði fyrsti dagskrárliður. Tillaga samþykkt samhljóða.

1. Skaftafell 3 og 4 - Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum við hótélbyggingu - 202504-0003.

Fulltrúar á vegum Þingvangs ehf. kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Skaftafells 3 og 4. Svæðið er aðliggjandi Vatnajökulspjóðgarði til suðurs við Skaftafell. Fyrirliggjandi er samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið. Unnið er að undirbúningi 1. áfanga, þ.e. vegagerð og undirbúning að byggingu á reit C. Um er að ræða 35 timburhús á tveimur hæðum, sem nýtt verði til gistingar ferðamanna. Unnið er að hugmyndum um þjónustuhús og starfsmannaaðstöðu. Borað hefur verið eftir köldu vatni og möguleikar til borholu vegna heits vatns í skoðun. Framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð liggur fyrir. Byggingaleyfi liggur fyrir en unnið að beiðni um breytingar á því.

Svæðisráð þakkar fulltrúm frá Þingvangi fyrir góða kynningu.

2. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar kynnti umræðu sem hefur farið fram í starfshópi um málefni íshellaferða og jöklagangna frá og með 1. október 2025. Vinna við auglýsingu fyrir samninga um íshellaferðir og jöklagöngur frá og með 1. október 2025 er hafin. Samráðshópur verkefnisins hefur fundað tvisvar sinnum og vinnan gengur vel. Meðal annars hefur verið rætt um lengd samninga, yfirferð öryggisáætlana, fjöldatakmörkanir o.fl.

Hópurinn stefnir að því að leggja fram tillögu að auglýsingu á fundi svæðisráðs þann 5. maí næstkomandi.

Svæðisráð þakkar fyrir kynningu á verkefninu og leggur áherslu á mikilvægi þess að vandað sé til verka.

3. Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0112

Íris Ragnarsdóttir Pedersen og Aron Franklín Jónsson fulltrúar í fagráði um íshellaferðir og jöklagöngur, komu til fundar.

Tekin hefur verið ákvörðun um að heimila ekki íshellaferðir frá 1. maí-30. september 2025. Í kjölfarið fór af stað vinna innan fagráðsins um það hvernig eigi að útfæra sumartímabilið.

Íris og Aron kynntu tillögu fagráðsins og fóru af fundi að því loknu.

Svæðisráð þakkar fyrir yfirferðina og tillögur.

Skoða þarf samspil tillagna við núgildandi samningsákvæði og viðurlög við samningsbrotum.

Svæðisráð er meðvitað um að sértækari kröfur um menntun og starfsreynslu krefjast aukins eftirlits. Að lokum minnir svæðisráð á, að ábyrgð á öryggi ferðamanna í ferð með leiðsögn er á hendi leiðsögumanna. Vísað til áframhaldandi vinnu starfsmanna.

4. Jökulsárlón - sérleyfi - siglingar - auglýsing 2025 - 202502-0115

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, sérfræðingur hjá Náttúruverndarstofnun kynnti stöðu málsins.

Síðustu vikur og mánuði hefur starfsfólk Náttúruverndarstofnunar unnið að undirbúningi fyrir útboð siglinga á Jökulsárlóni. Vinnan hefur farið fram í samstarfi við lögmenn LEX. Þann 31.

mars s.l. áttu fulltrúar Náttúruverndarstofnunar fund með fulltrúum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem lagðar voru línur fyrir áframhaldandi vinnu verkefnisins. Samningur hefur verið gerður við Nýheima þekkingarsetur um úttekt á ástandi lands, þols náttúru og innviða svo og upplifun gesta. Þá verður nýting svæðisins rýnd í ljósi verndarmarkmiða. Allir aðilar eru meðvitaðir um að þetta verkefni þarf að vinna hratt og örugglega. Næsti fundur með ráðuneytinu er á dagskrá eftir páska.

Lagt fram til kynningar. Svæðisráð leggur áherslu á að útboðsskilmálar taki mið af gæðum þjónustu, öryggismálum og reynslu þeirra aðila sem bjóða í. Einnig sé hugað að staðbundinni þekkingu og tengingu við svæðið og að verð og hæsta boð fái ekki of mikið vægi í mati á tilboðum, heldur verði metið í samhengi við gæði og samfélagsávinning hér í Sveitarfélaginu Hornafirði.

5. Suðursvæði - viðbragðsvakt Örafum - 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202503-0303

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli sagði frá fundi fulltrúa Vatnajökulspjóðgarðs og heilbrigðisráðuneytis þar sem fjallað var um fyrirhugað bráðaviðbragð sunnan Vatnajökuls sumarið 2025. Auglýst hefur verið eftir sjúkraflutningamanni í verkefnið og lagður verður til sjúkrabíll.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur til húsnæði á Hofi í Örafum fyrir verkefnið.

Svæðisráð lýsir yfir ánægju sinni með fyrirhugað viðbragð í Öræfum og Suðursveit í sumar á vegum Heilbrigðisráðuneytis, HSU og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Jafnframt ítrekar svæðisráð mikilvægi þess að viðbragðið haldist áfram inn í framtíðina, allt árið um kring.

6. Rekstraráætlun 2025 - 202502-0108

Sigrún Ágústsdóttir kynnti stöðu vinnu við rekstraráætlun Náttúruverndarstofnunar, sem er enn í vinnslu.

Lagt fram til kynningar.

7. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 202503-0080

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði, kom inn á fundinn.

Lögð fram, að nýju, uppfærð drög að viðauka, þar sem gerð er grein fyrir tillögu svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í framhaldi af stækkun hans um Hoffellslambatungur í Sveitarfélaginu Hornafirði. Uppfærsla snýr að breytingu í kafla um sérstök verndarsvæði. Þar eru Hoffellslambatungur sem slíkar teknar út sem sérstakt verndarsvæði og almenn ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar talin nægja. Jarðbik syðst í Lambatungnatindi verður því eina efnisatriðið í kafla Hoffellslambatungna um verndarsvæði innan suðursvæðis.

Lagt fram uppfært minnisblað um fjallskil í Hoffellslambatungum, tengt vinnu við viðauka stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis.

Helga Árnadóttir fór af fundi.

Svæðisráð þakkar góða kynningu, gerir ekki athugasemd við umrædda breytingu og bíður þess að fá málið aftur á sitt borð eftir að vinnslutillaga kemur úr kynningu til hagsmunaaðila.

8. Svínafellsheiði - hættumat á berghlaupi 2025 - 202504-0005

Sveitarfélagið Hornafjörður boðaði til kynningarfundar 27. mars sl. í Hótel Skaftafelli um hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls, vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði. Magni Hreinn Jónsson fagstjóri ofanflóða hjá Veðurstofu Íslands kynnti niðurstöður í uppfærðri hættumatsskýrslu. Björn Ingi Jónsson, sviðsstjóri Almannavarnasviðs hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi fór yfir sjónarmið Almannavarna. Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri sveitarfélagsins Hornafirði fór yfir valkosti vegna endurskoðunar aðalskipulags í kjölfar hættumats.

Hættumatið hefur verið uppfært, en í stuttu máli má segja að niðurstaða þess sé óbreytt. Næstu skref í málinu eru að hættumatið fari í opinbera kynningu og útgáfu í kjölfarið. Fyrir liggur að aðstæðurnar eru verulega krefjandi í samhengi við skipulagsmál á svæðinu. Þjóðgarðurinn er einnig meðvitaður um þann vilja sem ferðabjónustufyrirtæki hafa sýnt jöklaferðum á Svínafellsjökul. Auk þess að vera háðar umræddu hættumati, krefðust slíkar ferðir einnig samþykkis landeigenda, vegna aðgengis að jökli.

Í ljósi þeirrar stöðu sem kynnt var á fundinum lítur út fyrir að hættumat verði lagt fram til

kynningar því sem næst óbreytt frá því sem var 2021. Að svo komnu máli, verða því varla að sinni forsendur til að heimila atvinnustarfsemi á Svínafellsjökli.

Svæðisráð ítrekar þá miklu hagsmuni sem liggja undir, hvort heldur er vegna skipulags byggðar eða mögulegrar atvinnustarfsemi. Jafnframt er meðvitund um það vandasama verkefni sem framsetning hættumats byggir á. Svæðisráð minnir í ljósi umræddra hagsmuna, verði þær rannsóknir sem liggja að baki hættumati svo vandaðar sem frekast er unnt.

9. Uppbygging gestastofu á Höfn í Hornafirði - 202504-0004

Formaður svæðisráðs lagði fram minnisblað um starfsstöð og gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Höfn í Hornafirði.

Svæðisráð tekur undir mikilvægi þess að ráðist verði í uppbyggingu á starfsaðstöðu og gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Höfn í Hornafirði.

Sigrún Ágústs dóttir fór af fundi.

10. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir fréttir af svæðinu. Ráðningum fyrir sumar 2025 er lokið og tekur nú vinna við gerð ráðningasamninga og undirbúa komu sumarstarfsfólks á svæðið. Gert er ráð fyrir að fyrstu starfsmenn hefji störf undir lok aprílmánaðar.

Í tilefni af Alþjóðaári jökla á hverfanda hveli var efnt til samkeppni á meðal barna- og ungmennta á aldrinum 10-20 ára. Óskað var eftir verkum sem varpa ljósi á mikilvægi og eðli jökla, fegurð þeirra og hversu hverfulir þeir eru. Að samkeppninni stóðu Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Jöklarannsóknafélag Íslands, Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun HÍ, Sjálfbærnistofnun HÍ, Náttúrufræðistofnun, Náttúruvísindasafn Íslands og Náttúruverndarstofnun (þar með talinn Vatnajökulspjóðgarður). Eitt vinningsverkið kom frá nemanda í Grunnskólanum í Hofgarði, en öll vinningsverkin verða til sýnis í Perlunni í Reykjavík 8.-16. apríl næstkomandi.

Síðustu dagar hafa verið annasamir í Skaftafelli en nú fer fram fyrsta landvarðanámskeið FAS og tekur starfsfólk á svæðinu þátt í kennslunni.

Ný sýning verður sett upp í farandryminu í Skaftafellsstofu. Það er sýningin Vorferð JÖRFÍ (Jöklarannsóknafélags Íslands), sem hefur undanfarið rúmt ár verið til sýnis í Skaftárstofu.

Unnið er að bráðaviðgerðum í snyrtihúsi á tjaldsvæðinu en hluti viðgerða þarf að bíða fram á haustið. Upp komu skemmdir í starfsmannahúsi í Sandaseli og unnið er að viðgerðum. Verið er að ganga frá samningi við rekstraraðila að veitingasölu í Skaftafelli.

Þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæði greindi frá því að öryggisúttekt á nýjum salernum við Jökulsárlón sé væntanleg í næstu viku. Að því gefnu, verða þau tekin í notkun um lok næstu viku.

Sumarráðningar eru við það að klárast og undirbúningur sumarsins í fullum gangi.

Landinn á RÚV heimsótti starfsfólk þjóðgarðsins við Jökulsárlón og gerði jöklaeftirliti landvarða góð skil í þætti sem sýndur var sl. sunnudag.

Nemendur á landvarðanámskeiði FAS verða við Jökulsárlón í dag og fræðast um fjölþætta starfsemi landvarða á svæðinu. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag og öflugan nemendahóp, sem veitir starfseminni frekari innblástur. Vonir eru bundnar við að umræddu námi verði fram haldið á svæðinu.

Fundi slitið kl. 12.

Fundinn ritaði Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.